


FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM

# ÁRSSKÝRSLA 2020

# ÁRSSKÝRSLA 2020

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum var stofnaður 1979, skólinn býður fjölbreytt bóklegt og verklegt nám og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli en í því felst að námsefni í einstökum greinum er skipt niður í afmarkaða áfanga sem kenndir eru í eina námsönn og lýkur með prófi eða öðru námsmati í annarlök. Brautskráning er í lok hverrar annar.



FRAMHALDSSKÓLINN Í  
VESTMANNAEYJUM



## HLUTVERK OG MARKMIÐ

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum er framhaldsskóli og starfar skv. lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008). Í lögnum segir m.a.: hlutverk framhaldsskóla er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi. Framhaldsskólinn býr nemendur undir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Hann leitast við að efla ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfar þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum og gagnrýninni hugsun, kennir þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetur til stöðugar þekkingarleitar. Í nútímaþjóðfélagi kemur það nemendum betur að geta svarað þeim spurningum sem upp koma í stað þess að kunna svör við ákveðnum spurningum. Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hefur verið að byggja upp umhverfi og aðstöðu fyrir skapandi einstaklinga, lausnamiðað umhverfi og frjóa hugsun.

Markmið skólans er í fyrsta lagi að nemendur verði að loknu námi virkir og ábyrgir einstaklingar svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu og að auki séu þeir vel undirbúnir fyrir áframhaldandi nám eða til þátttöku í atvinnulífinu. Í öðru lagi að bjóða fjölbreytt og gott nám sem mætir kröfum nemenda og nærsamfélagsins á hverjum tíma. Í þriðja lagi að skólaumhverfi og aðstaða nemenda og starfsfólks sé aðlaðandi, hvetjandi og styðjandi svo að skólastarfið verði hvetjandi og árangursríkt með áherslu á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

## STEFNA

Haustið 2017 var fyrst lagt fram stefnuskjal til þriggja ára. Í stefnuskjali sem er fyrir tímabilið 2021-2023 setur Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sér þrjú markmið sem unnið er að. Markmiðin varðandi kjarnastarfsemi skólans eru:

- i. Minnka brotthvarf nemenda
- ii. Efla gæði bók- og starfsnáms
- iii. Fleiri nemendur innritist á verknámsbrautir og ljúki námi.

Til þess að ná settum markmiðum hefur skólinn farið í ýmsar aðgerðir. Kennsla í byrjunaráföngum fyrsta þreps áfanga er í sífelldri endurskoðun og bætt hefur verið við vörðum í námsmati. Vörðurnar gera kennurum kleift að aðstoða nemendur við að bregðast við fyrr ef en ella með sérhæfðum stuðningi.

Varðandi rekstrarþætti eru sett fram þrjú markmið. Markmiðin eru:

- i. Efla faglega starfshætti og stuðla að stöðugum umbótum
- ii. Efla mannauð skólans
- iii. Draga úr umhverfisáhrifum

Til þess að ná settum markmiðum eru settar fram aðgerðir, vörður á leiðinni og metið með reglubundnum hætti hvernig til tekst.

Markmiðin eru flest á áætlun og unnið er stöðugt að þeim auk þess sem ný markmið líta dagsins ljós samhliða þeirri vinnu.





## STARFSEMI

Skólinn er áfangaskóli sem býður upp á verk- og bóknám. Bæði styttri brautir og brautir til starfsréttinda og stúdentsprófs. Haustið 2020 voru starfræktar 10 námsbrautir, sex verk- og starfsnámsbrautir, starfsbraut fyrir fatlaða, framhaldsskólabrú og stúdentsprófsbrautir. Á stúdentsprófsbraut eru þrjár ólíkar námslínur auk þess sem nemendur geta stundað nám til stúdentsprófs að loknu starfsnámi. Skólinn er virkur þátttakandi í starfi og þróun Fjarmenntaskólans og starfrækir íþróttakademíur í samstarfi við ÍBV íþróttafélag og golfklúbbinn GV.

Skólinn hefur sett sér þá stefnu að hafa frumkvæði að því að styrkja formlegt samstarf við hagsmunaaðila, þar með talið atvinnurekendur til að efla og þróa iðn- og tækninám með það að markmiði að fleiri nemendur hefji nám og ljúki á því sviði. Skólinn er staðsettur í stóru og rótgrónu sjávarútvegsplássi og starfsemi hans tekur talsvert mið af því. Það er mikill velvilji hjá fyrirtækjum bæjarfélagsins, stórum og smáum, og er stuðningur þeirra ómetanlegur þegar kemur að verknáminu.

## NÁMSFRAMBOÐ

Námsskipulag og nám á framhaldsskólastigi miðast við að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda með því að bjóða upp á fjölbreyttar námsleiðir. Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir, verknámið er einnig að ganga í gegnum breytingar en þeim er enn ólokið.

Eftirtaldar námsbrautir voru í boði við skólann á árinu 2020:

Stúdentsbraut - bóknám ( 15-82-3-6 ), hægt að velja um þrjár línur.

Starfsbraut ( 17-338-3-8 )

Vélstjórn B ( 17-332-3-8 )

Sjúkraliðabraut ( 16-182-3-8 )

Framhaldsskólabrú (17-339-1-1)

Húsasmiðabraut ( 17-317-3-8 )

Grunnnám rafiðna (19-172-2-5)

Grunnnám í málm- og véltækni (17-340-2-5)

Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina

Stúdentspróf starfsnám (viðbótarnám) (20-471-3-7)

Sóknarfæri skólans liggja ekki síst í því að bregðast við breyttum þörfum samfélagsins og fólks sem vill geta stundað nám óháð búsetu, atvinnu eða af öðrum ástæðum. Með auknu fjarnámi styrkist kjarnastarfsemi skólans ásamt rekstri hans. Undirbúningsvinna sem hófst á árinu 2018 og miðaði að því að sem flestir áfangar væru uppsettir þannig að hægt væri að stunda þá í fjarnámi hélt áfram. Á árinu 2020 kom þessi vinna sér vel þar sem allir kennarar og nemendur höfðu yfir að ráða þeirri þekkingu, hæfni og hugbúnaði sem þurfti til að kennsla gæti farið fram utan veggja skólans. Verklagsreglum um fjarnám var auðvelt að aðlaga að kennslu í skólalokun.



# **MANNAUÐUR**

*„Öflugur mannauður getur af sér öflugan skóla“*



## STARFSFÓLK

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum gerir sér ljóst að starfsmenn eru ein mikilvægasta auðlind skólans og afar mikilvægt að sú auðlind sé bæði vel nýtt og að henni sé hlúð. Starfsmannahópur framhaldsskólans er fjölbreyttur, vel menntaður og öflugur sem leggur sig fram við að gera góðan vinnustað betri með jákvæðni, seiglu og góðum samskiptum. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum viðheldur góðu starfsumhverfi með því að leggja reglulega fyrir árangursmælingar þar sem viðhorf starfsmanna til mismunandi þátta eru könnuð, m.a. starfsánægju, sjálfstæðis til ákvarðanatöku, stuðnings frá stjórnendum og vinnuaðstöðu. Niðurstöður sem fást úr slíkum könnunum eru mikilvæg tæki fyrir stjórnendur þar sem í þeim felst regluleg endurgjöf frá starfsmönnum á störf þeirra en auk þess gefa niðurstöðurnar góða mynd af upplifun starfsmannanna sjálfra. Framhaldsskólinn tekur þátt í stofnun ársins árlega og hlaut á árinu 2020 nafnbótina „Stofnun ársins“ og bera hana með stolti.

Jafnlaunakerfi skólans uppfyllir kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012 og hlaut vottun í desember 2020. Meginmarkmið þess er að tryggja að starfsfólk óháð kyni njóti sömu launakjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Kerfið er allt skjalað í gæðahandbók skólans og þannig hefur umgjörð verið sköpuð til að viðhalda því, tryggja stöðugar umbætur, eftirlit og viðbrögð.

Við skólann starfa 26 kennarar í 19 stöðugildum. Þar af eru 7 stundakennarar, 5 eru án kennsluréttinda en sérfræðingar í sínu fagi og tveir leiðbeinendur. 90% kennara (stundakennarar ekki taldir með) eru með kennsluréttindi í þeim greinum sem þeir kenna.

Kynjahlutfall kennara er jafnt og 42% kennara eru 55 ára og eldri. Að auki starfa við skólann skólameistari og aðstoðarskólameistari báðir í fullu starfi. Náms- og starfsráðgjafi er í 70% starfshlutfalli, fjármálastjóri í 75% starfshlutfalli, umsjónarmaður fasteigna í 100% starfshlutfalli, skólaritari í 50% starfshlutfalli, forstöðumaður bókasafns í 55% starfshlutfalli, einn stuðningsfulltrúar á starfsbraut í hálfu stöðugildi og þrjár ræstitæknar sem hver um sig er í 47% starfshlutfalli. Af þessum hópi starfsfólks er einungis 10% karlkyns og aldursdreifingin þannig að 40% eru 55 ára eða eldri.

## NEMENDUR

Nemendur eru stærsti hluti mannauðs skólans og líkt og starfsmannahópurinn er nemendahópurinn fjölbreyttur og mikilvægt að sem flestir geti stundað nám við sitt hæfi. Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum er verið að mennta einstaklinga til að takast á við framhaldsnám sem og störf framtíðarinnar.

Árið 2020 stunduðu a.m.t. 213 nemendur nám við skólann, 208 á vorönn og 219 á haustönn. Hlutfallsleg skipting nemenda eftir kyni er nokkuð jöfn, 52% drengir og 48% stúlkur. Langflestir nemendur skólans eru frá Vestmannaeyjum og nær allir sem ljúka 10. bekk í Grunnskóla Vestmannaeyja halda námi sínu áfram við framhaldsskólann. Stærsti hluti nemenda er á aldrinum 16-19 ára eða 65%.





## SKIPTING NEMENDA EFTIR BRAUTUM

<i>Braut</i>	<i>Heiti brautar</i>	<i>Vor 2020</i>	<i>Haust 2020</i>
FB	Framhaldsskólabrú	17	25
ST	Stúdentsbraut	131	126
HUSB	Húsasmiðabraut	10	10
MG	Grunnnám í málm- og véltækni	1	1
SJ	Sjúkraliðabraut	20	16
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina		4
GR	Grunnnám rafiðna	3	8
STB4	Starfsbraut	6	4
VB	Vélstjórn B-réttindi	18	23
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs af starfsnámsbrautum	2	2

## FJÖLDI ÚTSKRIFARNEMA EFTIR BRAUTUM

<i>Önn</i>	<i>ST</i>	<i>VSS</i>	<i>SJ</i>	<i>VB</i>	<i>STB4</i>	<i>HUSB</i>
Vorönn 2020	23	2	2	2	1	
Haustönn 2020	19	2		1		4

## BROTTHVARF

Á Íslandi ljúka hlutfallslega færri nemendur námi á framhaldsskólastigi á tilsettum tíma ef miðað er við lönd sem við gjarnan berum okkur saman við. Í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum hefur markvisst verið unnið að því síðustu ár að draga úr brotthvarfi nemenda. Þessi mikla vinna hefur skilað sér og er brotthvarf skólann mjög lágt. Árið 2020 var brotthvarf við skólann 3,6% á vorönn og 3,2% á haustönn. Nemendur fengu ríkan stuðning við heimanám og áfangaval, námsframboð var aukið, námsaðstaða bætt, samskipti eflað og félagslíf nemenda styrkt svo eitthvað sé nefnt. Þó að skólahúsnæðið hafi mikið til verið lokað þetta árið þá var tæknin nýtt til að ná betur til nemenda. Kennsla, ráðgjöf, hópavinna, námsmat og félagslíf, allt fór fram með rafrænum leiðum. Ráðgjafi vann markvist með þeim nemendum sem voru að slaka á í náminu. Nemendum var leiðbeint og þeir fræddir um skuldbindingar gagnvart náminu. Mikil samskipti voru á milli nemenda og kennara og þegar skólinn var lokaður urðu samskiptin meiri og meira maður á mann en gert er í venjulegu árferði. Kennarar nýttu upplýsingatæknina til hins ýtrasta og en sumir nýttu einnig símann og heyrðu reglulega í nemendum til að hvetja þau áfram og fylgja þeim eftir í náminu.

Sálfræðingur var einnig fenginn til að liðsinna þeim nemendum sem á þurftu að halda. Allar þessar aðgerðir skiluðu sér í góðum árangri gegn brotthvarfi. En að sporna við brotthvarfi er verkefni sem aldrei lýkur enda mikilvægt verkefni bæði fyrir skólann og fyrir samfélagið í heild sinni. Áfram að þarf að vinna markvisst að því að finna leiðir til þess að auka skuldbindingu nemenda til náms og gera þeim kleift að ljúka námi úr framhaldsskóla á tilskyldum tíma.



## SJÁLFSMAT

Sjálfsmat er hluti af lögbundinni starfsemi skólans og er verkfæri í framþróun hans. Megintilgangur sjálfsmats er að stuðla að framgangi settra markmiða, endurskoða þau, stuðla að umbótum og vinna þannig að með þau að þau verði hluti af starfs – og þróunaráætlunum. Nýta má sjálfsmat til að tryggja gæði skólastarfs og efla fagmennsku starfsfólks. Skólinn er fyrir nemendur og allt skólastarf skal vera í þeirra þágu.

Við sjálfsmatið notar skólinn stefnumiðað árangursmat.

Hlutverk skólans  
Aðalnámskrá - skólasamningur

Markmið og leiðir  
Skólanámskrá

Lykilþættir og stærðir í skólastarfinu

Vöxtur/þróun	Ánægja viðskiptavina	Frammistaða starfsmanna	Gæði skólastarfs	Fjárhagsleg frammistaða
--------------	----------------------	-------------------------	------------------	-------------------------

Mælikvarðar

Nemendafjöldi Brautir Húsnæði Búnaður Þróunarstarf	Viðhorf Kvartanir Umfjöllun	Einkunnir Skólasókn Áfangamat Viðtöl Starfsánægja Mannabreytingar Menntun Laun Námskeið Fjarvistir	Skólabragur Kennsla Félagslíf Tengsl Forvarnir Umhverfismál	Fjárlög Rekstraráætlun Rauntölur Innra eftirlit
--	-----------------------------------	---	--	--



## HÚSNÆÐISMÁL

Skólahúsnæðið er í heild 3.172 fermetrar og þar af eru 918 fermetrar kennslurými. Í skólanum eru 15 kennslustofur, þar af sjö almennar kennslustofur, ein raungreinastofa, tvær hópinnustofur, fjórar verklegar stofur, núvitundarstofa og kennslustofa fyrir starfsbraut ásamt kennslueldhúsi. Í skólanum er hátíðarsalur sem einnig er nýttur sem vinnuaðstaða fyrir nemendur. Í skólanum er bókasafn, aðstaða fyrir nemendafélag skólans, skrifstofur fyrir starfsfólk og tvö fundarherbergi.

Mikilvægt er að aðstaða í skólanum endurspegli þau markmið sem unnið er að. Uppbygging og endurnýjun hefur verið á innviðum skólans frá árinu 2015 og var engin undantekning þar á árið 2020. Endurnýjaðar voru hirslur á bókasafni en einnig þurfti að aðlaga kennslustofur þeim veruleika sem sóttvörnum fylgja. Það er mikilvægt fyrir skólann að boðið sé uppá hvetjandi starfsumhverfi sem stuðlar að góðum skólabrag, eykur vellíðan, áhuga og skuldbindingu til náms.

## FÉLAGSSTARF NEMENDA

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum leggur áherslu á öflugt og fjölbreytt félagslíf. Nemendafélag skólans ber nafnið Nemendafélag Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum, skammstafað NFFÍV. Félagar eru nemendur sem greiða félagsgjöld sem greidd eru í byrjun annar. NFFÍV hefur það hlutverk að halda utan um félagslíf skólans, keppnir innan og utan skólans sem og aðrar uppákomur. Þá er einnig mikilvægt að nemendafélag skólans stuðli að heilbrigðu líferni án allra vímuefna og vinni markvisst að öllum nemendum líði vel í skólanum. Félagsstarfs nemenda árið 2020 var með öðrum hætti en áður enda samkomutakmarkanir stóran part ársins. Sjaldan hefur þó verið eins brýnt og í ár að virkja félagslíf nemenda og auka þátttökuna. NFFÍV lét ekki sitt eftir liggja og eins og starfsfólk skólans var tæknin nýtt og viðburðir og skemmtanir urðu rafræn. Í byrjun árs náðist að halda keppni í körfubolta, fótbolta, skák og spilakvöld. Eftir skólalokun í mars og út árið færðust viðburðirnir allir yfir á netið og boðið var uppá popquiz á Zoom, kosningar á nýju nemendafélagi, spurningakeppnir með glæsilegum vinningum, bingó og ýmsar minni uppákomur.



## UPPLÝSINGAGJÖF

### Kennslukerfi

Inna er upplýsinga- og kennslukerfi skólans sem heldur utan um alla þætti náms hjá nemendum, m.a. einkunnir, ástundun, námsferil, stundatöflu, námsáætlanir áfanga ofl. Áhersla er lögð á að bæði nemendur og kennarar nýti sér allt það sem Inna hefur uppá að bjóða.

### Bókhalds- og innheimtukerfi fjársýslu ríkisins

Skólinn notar bæði Orra (Oracle) og TBR við umsýslu fjármála skólans.

### Heimasíðan

Stefna heldur utan um vefumsjónarkerfið Moya sem heimasíða skólans er byggð á. Heimasíðan er mikilvæg upplýsingaveita fyrir skólann. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um skólann. Þar er m.a. haldið utan um námskrá skólans sem er í sífelldri endurskoðun.

### Samfélagsmiðlar


Til þess að ná til fleiri einstaklinga sem láta sér málefni skólans varða eru flestar upplýsingar um starfsemi skólans og viðburði á hans vegum sett á samfélagsmiðla. Skólinn notar Fésbókina og Instagram. Með því að halda úti virkum samfélagsmiðlum eykur skólinn sýnileika sinn og styrkir ímynd hans, en dregið hefur úr notkun þessara miðla árið 2020 samanborið við fyrri ár.

### Gæðahandbók

Gæðakerfi byggir á ISO 9001 staðlinum sem fjallar m.a. um ábyrgð stjórnenda, stjórnun auðlinda, uppbyggingu ferla vegna þjónustu, mælingar á starfsemi og hvernig frávík eru greind svo hægt sé að stuðla að sífelldum umbótum. Meginþáttur staðalsins snýr að því að hlusta á þarfir viðskiptavina og laga starfsemina að óskum þeirra eins og mögulegt er. Gæðakerfi Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum nær yfir meðferð erinda og þjónustu við viðskiptavini, stjórnun, og umsýslu mannauðsmála.

### GoPro

Skólinn vistar skjöl sem ekki eru vistuð í gæðahandbókinni í skjalavistunarkerfi GoPro. Enn stendur innleiðing yfir og gengur hún vel.

The background is a solid gold color. Overlaid on this are several thin, white, hand-drawn style lines that form various abstract, overlapping shapes and curves, creating a sense of movement and depth.

*„Allar skoðanir skal endurmeta um leið og ný viðhorf myndast.”  
- Vigdís Finnbogadóttir*



## TÆKNIMÁL

### Rekstur og endurnýjun á vél- og tæknibúnaði

- Advania heldur utan um rekstur tölvukerfisins.
- Þráðlaus nettenging fyrir starfsmenn, nemendur og gesti skólans hefur verið aðskilin til að auka öryggi en styrkur tenginga hefur verið stórbættur.

### Microsoft office 365

- Allir starfsmenn og nemendur skólans fá aðgang að Office 365 skýjalausn Microsoft.

## FJÁRMÁL

Fjárhagsstaða skólans er góð og innan ramma fjárlaga fyrir árið 2020. Á árinu var ársveltan 397,4 milljónir og afkoma 7,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 34,1 milljónir í árslok og eignir samtals 130,7 milljónir. Á árinu var haldið áfram með endurbætur á búnaði skólans. Bæta þurfti við jaðarbúnaði við tölvurnar vegna breyttra kennsluhátta og haldið var áfram með endurnýjun búnaðar á bókasafni.

## **SAMSTARFSVERKEFNI**

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum leggur mikla áherslu á að eiga gott samstarf við innlenda og erlenda hagsmunaaðila til að bæta þjónustu við nemendur og starfsfólk og stuðla þannig að auknum og bættum tækifærum til náms. Skólinn hefur því í gegnum árin efnt til og tekið þátt í margvíslegum samstarfsverkefnum. Þeim verkefnum sem skólinn hafði ætlað að taka þátt í á árinu 2020 var frestað.

*Einn kennari skólans ætlaði á samstarfsfund vegna eins erlends verkefnis í janúar 2020 en vegna þess hvað það var vont veður á Keflavíkurflugvelli var flugið hans fellt niður, það var því ekki bara heimsfaraldurinn sem kom í veg fyrir verkefni og fundi.*



JA Europe  
A Member of JA Worldwide

Entrepreneurship | Financial Literacy



## ÝMIS VERKEFNI

Verkefnið Ungir frumkvöðlar (Junior Achievement) eru alþjóðleg, frjáls félagasamtök sem starfa í 123 löndum. Um 10.5 milljón nemendur taka þátt í verkefnum á vegum samtakanna. Markmið verkefnisins er að undirbúa ungt fólk fyrir framtíðina og auka færni þeirra til atvinnuþátttöku og atvinnusköpunar með því að stuðla að aukinni nýsköpunar-, frumkvöðla- og viðskiptamennt í skólum. Árið 2020 tóku nokkrir hópar þátt í þessu verkefni fyrir hönd skólans en nú fór verkefnið fram rafrænt. Tveir hópar frá skólanum okkar unnu til verðlauna að þessu sinni. Annar hópurinn fyrir bestu tæknilausnina og hinn fyrir hugmyndabanka á aukinni samveru.


## STOFNUN ÁRSINS

SFR- stéttarfélag stendur að framkvæmd árlegrar könnunar um stofnun ársins í samstarfi við Gallup og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Í könnuninni er spurningalisti lagður fyrir starfsfólk um 200 stofnanna og það spurt um innri starfsemi stofnunar sinnar. Markmið könnunarinnar er að veita stjórnendum tæki til að vinna að útbótum í stjórnun og starfsumhverfi og á sama tíma aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Að þessu sinni hlaut Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum 1. sætið í Stofnun ársins 2020 í flokknum meðal stórar stofnanir (20-49 starfsmenn). Þetta er í sjötta sinn sem skólinn er í hópi efstu stofnanna í könnuninni. Einkunnin sem starfsmenn skólans hafa gefið vinnustað sínum undanfarin ár ber vitni um góðan starfsanda, öflugan starfsmannahóp og góða stjórnun vinnustaðarins.

*Árni Stefán Jónsson, formaður Sameykis (til hægri) og Garðar Hilmarsson, varaformaður Sameykis, afhentu stofnunum ársins viðurkenningu. Sírý Arnardóttir stýrði málþinginu. Mynd: bsr.is*





## SKÓLASTARF Í LJÓSI HEIMSFARALDURS

Skólastarfið á árinu 2020 var með öðru yfirbragði en við eigum að venjast líkt og komið hefur fram hér að framan. Það er því varla hægt að skila inn skýrslu án þess að fara stuttlega yfir hvernig upplifun stjórnenda á skólastarfinu var.

## VORÖNN 2020

Föstudaginn 13.mars kom Covid-19 eins og handsprengja inn í skólstarfið. Við tók tímabil sem flest okkar munum gleyma seint eða aldrei. Kennarar og nemendur færðu sig yfir í rafræna kennslu og nám, lærðu á ný forrit og nýja kennsluhætti á svo stuttum tíma að því mætti líkja við lygasögu. Stundataflan fékk að halda sér og nemendur og kennarar mættu í kennslutíma á Teams og Innu samkvæmt henni. Allir lögðust á eitt til þess að einfalda þennan viðsnúning og stuðningur, samvinna og samstaða urðu gildi allra. Skólstarfið gekk vel og í raun mikið betur en við þorðum að vona. Til þess að tryggja ákveðna samfellu og flæði voru daglegir starfsmannafundir haldnir á Teams þar sem farið var yfir stöðuna og allir voru tilbúnir til þess að veita ráðgjöf og stuðning. Nemendur gerðu slíkt hið sama, hittust á Zoom og Teams utan kennslutíma og hópverkefni fóru að verða mun þægilegri og viðráðanlegri en áður, líkt og starfsfólk veittu nemendur hvor öðrum ráðgjöf og stuðning.

Veiran hélt áfram að grassera í samfélaginu og náði bæði til nemenda og starfsfólks. En hún náði ekki að veikja skólstarfið, áfram var lært og áfram var unnið og mætingar í rafræna kennslustund voru í flestum áföngum betri en í skólastofuna og virkni í náminu jókst einnig. Og eftir þriggja vikna fjarnámskennslu kom páskaleyfi. Flestir tóku því fagnandi og hvíldin verðskulduð eftir vel unnin störf. Þegar kennsla hófst á ný eftir páskaleyfið var það fljótlega ljóst að önnin myndi klárast í þessu rafræna umhverfi. Áfram var kennt samkvæmt stundatöflu og mætingin var áfram góð og vinnusemin líka. Einungis nemendur í verknámi komu í takmörkuðum mæli í skólann í maí. Árangur annarinnar var góður bæði hvað varðar skólasókn og einkunnir. Miðað við síðasta vor þá voru tapaðar einingar nú aðeins einni prósentu meiri. Það er hins vegar vandkvæðum bundið að bera þessa önn saman við fyrri annir.





FRAMHALDSSKÓLINN  
Í VESTMANNAEYJUM


Framhaldsskólinn  
Í Vestmannaeyjum



## HAUSTÖNN 2020

Fyrstu vikur annarinnar gafst starfsfólki og nemendum tækifæri til þess að sjá aðeins framan í hvort annað en takmarkanir voru til staðar og því þurfti að skipta skólanum upp í hólf og nemendur mættu ýmist í rafrænar eða staðbundnar kennslustundir samkvæmt stundatöflu. Með hertum sóttvarnareglum í byrjun október þurfti að færa allt bóknám yfir í rafrænt umhverfi en nemendur í verklegum áföngum fengu staðbundna kennslu sem sett var upp eftir ítrustu tilmælum yfirvalda. Skólinn setti ávallt velferð samfélagsins, innan og utan veggja skólans, í algeran forgang. Kennarar og nemendur færðu sig yfir í rafrænt kennsluumhverfi, að þessu sinni þó nokkuð öruggari en áður enda með reynslu fyrri annar í farteskinu. En þá reyndi sérstaklega á nýnemana sem ekki höfðu fengið langan undirbúning fyrir slíkt rask. En þau, líkt og nemendur á vorönninni, stóðust verkefnið og voru fljót að tileinka sér nýtt námsumhverfi, vinnubrögð og skólamenningu. Stundataflan fékk að halda sér og nemendur og kennarar mættu í kennslustundir á Teams samkvæmt henni. Allir lögðust á eitt til þess gera gott úr aðstæðum og stuðningur, samvinna og samstaða urðu gildi sem allir tileinkuðu sér. Næstu vikurnar einkenndust líka af seiglu, hvatningu og metnaði. Bæði nemendur og starfsfólk unnu hörðum höndum að námi og kennslu. Nánast alla önnina biðum við eftir tilslökunum sem gætu gert nemendum kleift að mæta í staðbundið nám. Reglugerðum með leiðbeiningum til skóla var breytt alls níu sinnum (nánast aðra hverja viku) en þó aldrei með þeim hætti að hægt væri að bjóða uppá staðbundið nám fyrir alla. En áfram héldum við og það voru fáar tilslakanir í náminu. Nemendur skiluðu til dæmis 17.353 verkefnum í gegnum kennslukerfi skólans og þá eru ekki talin með munnleg skil, verkleg skil eða próf. Þetta eru um 80 rafræn skilaverkefni að meðaltali á hvern nemanda.

Velferð og heilbrigði nemenda skólans skiptir okkur ávallt miklu máli. Íþróttakennslan var aðlöguð breyttum aðstæðum líkt og aðrir áfangar og nemendur gengu fleiri tugi kílómetra um eyjuna. Stoðþjónusta nemenda var eflað og stóð nemendum til boða að sækja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu og var þjónustan vel nýtt á þessari önn. Kannanir sýndu að nemendum leið heilt yfir vel og voru ánægð með nám og kennslu. Vissulega fundu margir fyrir þreytu og það tók á þolinmæðina hjá mörgum hverjum en viðhorf til náms breyttist til hins betra og tæknifærni starfsfólks og nemenda hefur jókst gríðarlega. Við höfum tekið stórt stökk inn í fjórðu iðnbyltinguna. En líkt og með vorönnina er erfitt að bera önnina saman við fyrri annir. En eitt er víst, á tímum COVID-19 hefur sérstakur skólabragur myndast sem við getum öll verið stolt af.

The background is a solid gold color. On the left side, there are several thin, white, abstract lines that curve and loop across the page, creating a sense of movement and depth. These lines are of varying lengths and orientations, some starting from the left edge and extending towards the center, while others are more horizontal or diagonal.

*„Hið eina sanna markmið menntunar er að gera manninn  
hæfan til að halda endalaust áfram að spyrja spurninga.”  
- Mandell Creighton*